

FJÁRSÝSLA RÍKISINS

Bréfalvki:	140
Málsnúmer:	2008030042
Innkomið:	25. MAR 2008
Starfsm.	GPH/JSK
Atgr.af.	SEE



Dreifibréf til ríkisstofnana í A-hluta fjárlaga sem eru í greiðsluþjónustu

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvíli 150 Reykjavík
 sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
 netfang: postur@fjr.stjr.is
 www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík 4. mars 2008
 Tilv.: FJR08030013/113

Efni: Verklagsreglur um sérstaka endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á tölvuþjónustu.

Ráðuneytið vekur athygli á því að gefnar hafa verið út verklagsreglur um sérstaka endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á tölvuþjónustu. Eru verklagsreglurnar meðfylgjandi en einnig eru þær birtar á heimasíðu ráðuneytisins.

Samkvæmt verklagsreglunum skal endurgreiða ríkisstofnunum í A-hluta fjárlaga þann virðisaukaskatt sem fellur til við kaup þeirra á tölvuþjónustu eins og nánar er kveðið á um í verklagsreglunum. Endurgreiðslur til ríkisstofnana skulu framkvæmdar af Fjársýslu ríkisins.

Auk verklagsreglnanna eru meðfylgjandi leiðbeiningar frá Fjársýslu ríkisins um bókhaldslega meðhöndlun ríkisstofnana á virðisaukaskatti vegna kaupa á tölvuþjónustu. Eru leiðbeiningarnar sniðnar að því bókhaldskerfi sem notað er af viðkomandi ríkisstofnun (þ.e. sérsniðnar leiðbeiningar fyrir ríkisstofnanir sem færa bókhald sitt í Oracle, ríkisstofnanir sem ekki færa bókhald sitt í Oracle og ríkisstofnanir í greiðsluþjónustu).

Um leið og ráðuneytið vekur athygli á meðfylgjandi verklagsreglum og leiðbeiningum skal það áréttað, með vísan til fjárlaga 2008, að gildistaka verklagsreglnanna er frá 1. janúar 2008.

Fyrir hönd ráðherra


 Ingvi Már Pálsson


 Haraldur Steinþórsson